

## Fyrirspurn

til mennta- og menningarmálaráðherra um Ríkisútvarpið og heyrnarskerta.

Frá Katrínu Jakobsdóttur.

1. Hefur ráðherra fylgt eftir ákvæði 2. mgr. 6. gr. laga nr. 23/2013 um að Ríkisútvarpið skuli veita heyrnarskertum aðgang að fjölmiðlaþjónustu í almannabágu með textun á fréttum og öðru sjónvarpsefni, með textavarp, útsendingum á táknmáli og/eða öðrum miðlunarleiðum er henta í þessu skyni og eru í samræmi við tæknilega möguleika á hverjum tíma?
2. Verður málið tekið upp við næstu endurskoðun þjónustusamnings við Ríkisútvarpið?
3. Hindrar eitthvað það að ákvæðinu sé fylgt í hvívetna?